

## Skapandi lokaverkefni 2016



### Höfundar:

**Bryndís María Olsen**  
**Jóhanna Ómarsdóttir**  
**Karen Óskarsdóttir**  
**María Rós Valgeirsdóttir**  
**Steinunn Elísabet Benediksdóttir**



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ

## Ástarsaga úr fjöllum - yngsta stig

Viðfangsefni / Námsgreinar	Námsefni / Námsgögn	Hæfniviðmið	Afurð	Tengsl við grunnþætti og lykilhæfni
<p><i>Ástarsaga úr fjöllum</i> Verkefni þar sem unnið er með söguna og hún myndskreytt.</p> <p>Samþættar námsgreinar eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="radio"/> Íslenska</li> <li><input type="radio"/> Myndmennt</li> </ul>	<p>Bókin <i>Ástarsaga úr fjöllum</i> eftir Guðrúnu Helgadóttur</p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="radio"/> A3 vatnslitapappír</li> <li><input type="radio"/> Vatnslitir</li> <li><input type="radio"/> Penslar</li> <li><input type="radio"/> Svartir tússpennar</li> <li><input type="radio"/> Textabrot (fylgiskjal)</li> </ul>	<p><b>Nemandi getur:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="radio"/> þekkt ævintýri ætluð börnum</li> <li><input type="radio"/> unnið einföld verkefni í hóp</li> <li><input type="radio"/> skapað myndverk eftir ákveðinni aðferð</li> <li><input type="radio"/> hlustað með athygli á upplestur</li> </ul> <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 101-228)</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="radio"/> Vatnslitamynd</li> </ul>	<p><b>Grunnþættir</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="radio"/> Sköpun</li> <li><input type="radio"/> Læsi</li> </ul> <p><b>Lykilhæfni</b></p> <p>Skapandi og gagnrýnin hugsun</p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="radio"/> Sjálfstæð vinnubrögð</li> <li><input type="radio"/> Unnið eftir fyrirmælum</li> </ul> <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 87-95)</p>

## **Nánari útlistun á kennsluáætluninni *Ástarsaga úr fjöllumum*.**

Þetta samþætta verkefni hentar vel til samvinnu fyrir umsjónarkennara og myndlistarkennara.

Það er ætlað fyrir nemendur í 1. bekk.

### **1. kennslustund**

Sagan *Ástarsaga úr fjöllumum* eftir Guðrúnu Helgadóttur er lesin fyrir nemendur.

Kennari útsýrir einstök orð og hugtök í sögunni eftir því sem við á. Kennari leiðir umræður um söguna. Til dæmis: Hvað fannst nemendum merkilegast og af hverju? Hafa þeir séð steina sem gætu hafa verið tröll? Haldið þið að þetta sé sönn saga? Af hverju? Af hverju ekki?

### **2.-4. kennslustund**

Nemendum er skipt upp í pör og fá þeir textabrot úr sögunni á pappír (sjá fylgiskjal). Þeir fá vatnslitapappír í stærðinni A3 og eiga að gera mynd um það sem er að gerast í textabrotinu. Þeir eiga að nota vatnsliti og fara í útlínur með fínnum tússpenna. Að lokum er textabrotið límt á litaðan pappír, myndirnar eru hengdar upp á vegg í réttri atburðaröð og textabrotið fyrir neðan hverja mynd. (Sjá fylgiskjal).

### **Heimildir:**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.

Fylgiskjal

# **Ástarsaga úr fjöllumum**

1. Kennari stækkar textann og klippir þá niður og límir það á pappír.
  2. Nemendur lita mynd sem tengist textabotinu sem þau fá.
- 
1. Drengurinn hlustar á sögu, hann er hræddur við tröll.
  2. Tröllin elda sárasjaldan mat...Stundum elda þau engan mat í hundrað ár...Þá segjum við að nú sé byrjað eldgos.
  3. Flumbra vildi verða feit og falleg fyrir stóra, ljóta tröllkarlinn.
  4. Þó svo að tröllkarlinn væri latur var hann líka skotinn í Flumbru.
  5. Eina óveðursnótt eignaðist skessan átta stráka. Ósköp voru þeir stórir og ljótir og líkir honum þabba sínu
  6. Skessan sat allar nætur og alla daga og gaf strákunum mjólk úr brjóstunum á sér....Lækirnir söfnuðust í rjómahvítar tjarnir og bláhvítir lækir liðuðust niður fjallshlíðina.
  7. Flumbra varð að taka alla strákana átta með sér yfir fjöll og dali, gil og gljúfur til að hitta tröllkarlinn sinn.
  8. Þegar hún var næstum komin til hans, gægðist sólin upp yfir haflötinn og þau urðu öll að steinum.
  9. Drengurinn er ekki lengur hræddur við tröll.
  10. Þegar kólnar í veðri klæðir snjórinn... í hvítar vetrarúlpur. Skessan er fínasta tröllskessan í heiminum.